

Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

8. febrúar 2022

Efni: Umsögn Sjúkratrygginga Íslands um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu í aðdraganda aðgerðaráætlunar í heilbrigðisþjónustu við aldraða

Þann 12. janúar sl. var tillaga til þingsályktunar um mótun stefnu í aðdraganda aðgerðaráætlunar í heilbrigðisþjónustu við aldraða kynnt í Samráðsgátt. Sjúkratryggingar Íslands lýsa yfir ánægju með þessi drög og með að Heilbrigðisráðherra ætli að leggja fram þessa tillögu til þingsályktunar.

Sjúkratryggingar Íslands taka undir að mikilvægt sé að endurskoða greiðslukerfi vegna dvalar og langtímaumönnunar á hjúkrunarheimili og að jafnvel sé ástæða til að flýta þeirri endurskoðun þannig að viðmiðið verði árið 2025 fremur en 2030.

Sjúkratryggingar Íslands telja mikilvægt að endurskoða fjármögnunarlíkan fyrir hjúkrunarheimili og mætti þar til dæmis líta til fjármögnunarlíkans heilsugæslunnar, a.m.k. að einhverju leyti. Við hönnun þess yrði tekið tillit til þeirra fjölmörgu þátta sem áhrif hafa á reksturinn, stærðar heimila, staðsetningar þeirra o.s.frv. Við hönnun líkansins þarf einnig að nást sátt milli ríkis og sveitarfélaga um hvaða kostnað hvor aðili skuli bera í rekstrinum. Jafnframt er mikilvægt hafðar verði til grundvallar við hönnunina annars vegar þær upplýsingar sem Ríkisendurskoðun aflaði og vann úr vegna skýrslu til Alþingis árið 2014 og hins vegar þær upplýsingar sem KPMG aflaði og vann úr fyrir Gylfanefndina um rekstur hjúkrunarheimila.

Að sama skapi telja Sjúkratryggingar Íslands mikilvægt að endurskoða fyrirkomulag greiðslna vegna hjálpartækja, lyfja og heilbrigðisþjónustu fyrir íbúa hjúkrunarheimila auk þess sem nauðsynlegt er að ná sameiginlegri niðurstöðu varðandi leigugreiðslur af húsnæði sem hjúkrunarheimili eru rekin í en eins og kunnugt er hafa aðilar ekki verið á eitt sáttir um fyrirkomulag þessa.

Virðingarfyllt,
f.h. Sjúkratrygginga Íslands


Júlíana H. Aspelund